



Dags: 2. maí 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Menntasjóð námsmanna.

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) lýsir yfir vonbrigðum með hve litlar úrbætur er stefnt á í fyrirætluðum breytingum á lögum um Menntasjóð námsmanna og hvetur þingheim til að axla ábyrgð á því verkefni að tryggja farsæla háskólamenntun á Íslandi.

Stúdentahreyfingarnar á Íslandi hafa verið undirbúnar fyrir fyrirséða endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna í meira en tvö ár og birtu bæði SÍNE og LÍS ítarlegar kröfugerðir um haustið sama ár (sjá [hér](#) og [hér](#)). Þá gaf ráðuneytið út skýrslu í lok árs 2023 um mat á endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, þar sem rakin eru fjölmörg tilefni til úrbóta. Það er því óásættanlegt að nýta ekki þá vinnu til þess að gera raunverulegar og heildstæðar úrbætur á námslánasjóðskerfinu sem er undirstaða jafnréttis til náms á Íslandi.

SÍNE ítrekar athugasemdir sínar frá 22. mars 2024 við frumvarpið eins og það birtist í samráðsgátt stjórnvalda og má [finna þá umsögn hér](#). SÍNE lýsir yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda, en leggur jafnframt áherslu á eftirfarandi.

Vextir

Ljóst er að með innleiðingu breytilegra vaxta fylgdi aukin áhætta fyrir lántaka og óvissa um endurgreiðslubrýði og lánakjör. Háir og ófyrirsjáanlegir vextir eru fljótir að éta upp þann ávinning sem fæst af styrkjakerfinu eins og það kom til með lögum um Menntasjóð námsmanna fyrir um fjórum árum síðan.

Hækkun vaxta frá því sem tíðkaðist í tíð Lánasjóð íslenskra námsmanna hefur verið rökstudd með þeim hætti að lánahluti Menntasjóðsins skuli standa undir sér. Þó hækkun vaxta kunni að auka fjárhagslega sjálfbærni sjóðsins telur SÍNE að félagslegt jöfnunartæki eins og Menntasjóðurinn eigi ekki að stýrast af sjónarmiðum um fjárhagslega sjálfbærnan rekstur, heldur af hinum mikla þjóðhagslega ábata sem fæst með því að fjárfesta í menntunarstigi þjóðarinnar. Stúdentahreyfingarnar hafa frá upphafi bent á minnisblaði sem [Summa ehf.](#) vann fyrir Menntamálaráðuneytið við gerð frumvarpsins ætti nýja námslánakerfið að skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á einn til þrjá milljarða á ári hverju. Það ætti að skila sér aftur í bættum lánakjörum í námslánakerfinu. Um þetta vísast til bls. 10–11 í kröfum SÍNE vegna breytinga á lögum um Menntasjóðs námsmanna, nánar tiltekið til þess að afföll og

áhætta sjóðsins vegna þeirra eigi ekki heima á herðum stúdenta og að nauðsynlegt er að lækka vaxtaþak til að auka fyrirsjáanleika námslána.

Lokaorð

SÍNE ítrekar vonbrigði sín með að þetta séu þær breytingartillögur sem skiluðu sér út úr endurskoðunarferlinu og telur frumvarpið endurspegla metnaðarleysi fyrir málaflokkinum.

Umfram ofangreint vísar SÍNE til umsagnar LÍS og BHM og tekur undir hana að öllu leyti. SÍNE ítrekar sérstaklega það sem fram kemur í umsögn BHM og LÍS varðandi það að styrkjafyrirkomulagið gengur of skammt og að nauðsynlegt er að bregðast við því.

Að lokum lýsir SÍNE yfir vonbrigðum með að samráðsvilji stúdentahreyfinganna hafi ekki verið nýttur með betri hætti, til að ráðast í heildstæðar úrbætur á kerfinu.

Fyrir hönd Sambands íslenskra námsmanna erlendis,

Katla Ársælsdóttir, varaforseti SÍNE